# ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

## Febrúar 2026

## Vetrarfrí

Vetrarfrí er hafið í mörgum skólum en fríunum er aðeins mismunandi háttað eftir sveitarfélögum og skólum og sýnist hverjum sitt um fyrirkomulag þeirra.

### Eitt eða tvö frí

Meirihluti fólks kýs að vetrarfrí grunn- og framhaldsskóla séu tvö styttri frí, fyrir og eftir áramót, eða um tveir af hverjum þremur á móti þriðjungi sem kýs að þau séu eitt lengra frí.

**Hvort fyrirkomulagið kysir þú að hafa á vetrarfríum grunn- og framhaldsskóla?**




Munur er á svörum fólks eftir fjölskyldutekjum. Foreldrar grunnskólabarna eru líklegri til að kjósa eitt lengra frí en fólk sem á ekki börn í grunnskóla.



# Fyrir eða eftir áramót

Þeir sem kjósa eitt lengra vetrarfrí vilja flestir hafa það eftir áramót (febrúar), eða 73% á móti 27% sem vilja frekar hafa það fyrir áramót (október).

**Hvort myndir þú vilja hafa fríið fyrir eða eftir áramót?**




Eldra fólk vill frekar en yngra hafa fríið eftir áramót og íbúar höfuðborgarsvæðisins vilja það frekar en íbúar landsbyggðarinnar. Foreldrar grunnskólabarna vilja það einnig frekar en fólk sem á ekki börn í grunnskóla.




# Heildarniðurstaða



## Spurt var:

- **Hvort fyrirkomulagið kysir þú að hafa á vetrarfríum grunn- og framhaldsskóla?**
- **Hvort myndir þú vilja hafa fríið fyrir eða eftir áramót?**

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 13. - 27. nóvember 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.832 og þátttökuhlutfall var 43,9%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

**Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.**

**Útgefið af:** Gallup - Lynghás  4, 110 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

**Umsjón með útgáfu:** Sigrún Drífa Jónsdóttir

**Ábyrgðarmaður:** Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.